

Fundur í stjórn Foreldrafélags Akurskóla.

Haldinn 7. maí 2009

Mættar: Hafdís N. Hafsteinsdóttir, Lovísa Hafsteinsdóttir, Hulda Klara Hjaltadóttir, Jóna Guðrún Jónsdóttir, Inga Birna Kristinsdóttir og Kristjana Guðlaugsdóttir.

1. Aðalfundur FFA

Aðalfundur verður haldinn 20. maí nk. kl. 20.00 á sal Akurkóla. Rætt var um skipulag fundar. Leggja þarf fram nýjar hugmyndir að fyrirkomulagi félagsins ásamt lagabreytingum. Einnig þarf að kjósa tvo nýja fulltrúa í stjórn í stað Ingu Birnu og Ragnars. Auk þess þarf að athuga hvort að þeir sem sitja í skólaráði og fagráði foreldra muni gefa kost á sér áfram. Fundarboð verður sent út í byrjun næstu viku ásamt tillögum að lagabreytingum og nýjum fulltrúum í stjórn og nefndir.

2. Bekkjarfulltrúar og aðalfundur

Jóna Guðrún mun senda póst á bekkjarfulltrúa til að minna þá á að hringja í foreldra til að smala á aðalfundinn.

3. Fréttabréf FFA

Ákveðið að fresta útkomu fréttabréfs FFA fram á haust.

Fundi slitið

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir